

17. fundur fundur húsnefndar Végarðs 30.12 2016, kl. 13.30

Mætt eru: Gunnar , Gunnþórunn og Anna Jóna

1. Varmadæla var sett upp í Végarði í febrúar. Orkusparnaður sýnist liggja á bilinu 30-35% það sem af er ári. Dælan nær vel að hita upp miðhæð hússins og ekki þörf á annarri varmadælu .
2. Fyrir liggja eftirfarandi pantanir um notkun á Végarði næsta sumar:

22. apríl	Fermingarveisla
30 apríl	Fermingarveisla
2-4 júní	Fermingarveisla
24. júní	Brúðkaupsveisla
30. 6- 2.7	Ættarmót
9. júlí	samkoma
21-23 júlí	samkoma
28-30 júlí	Ættarmót
16.18 sept	Brúðkaupsveisla

3. Gjaldskrá 2017, viðmið

Helgarleiga kr. 65.000,-

Sólarhringur kr. 36.000,-

Dagsleiga/fundir kr. 9.000-21.000,-

Þrif: Viðmið kr. 15.000-18.000,- ef kalla þarf út ræstingarkraft til starfa s.s. eftir helgarleigu og húsinu ekki skilað hreinu.

A.T.H. Kostnaður vegna Stefsgjalda bætist við leigugjald ef samkomur eru þess eðlis.

4. Viðhald 2016.

- a) Vatnsrás var tekin ofarlega í tún við Végarð með það að markmiði að veita leysingarvatni frá húsinu, en í leysingum hefur runnið niður með húsinu og ofan í kjallaratröppur og niðurfall þar ekki annað rennslinu og því komið fyrir að vatn hafi komist inn í kjallara m.a. inn í skjalageymslu. Ekki er komin reynsla á hvort vatnsrásin gegni sínu hlutverki.
- b) Rafmagnstengingar á tjaldstæði sem Frumherji hefur gert athugasemdir við voru lagfærðar , en finna þarf betri lausn til að mæta álagi á tengla.
- c) Skilti á skiltastand við Végarð (grjóthlaðna standinn) er ekki komið upp.
- d) Rekstraraðilar Fljótsdalsgrundar önnuðust að umhirðu lóðar síðast liðið sumar.

5. Húsvarsla

Auka þarf húsvörslu t.a.m. vegna leigu. Samþykkt að athuga hvort núverandi húsvörður vilji bæta við sig vörslu, ef ekki verði skoðaðir aðrir möguleika. Að lámarki er talin þörf á húsvörslu ca 4 klst þegar húsið er leigt út.

6. Annað:

2 hátalarar í sýningarsal eru ónýtir, stendur til að kaupa nýja fyrir þorablót. Þeir hátalarar sem fyrir voru voru trúlega sprengdir vegna of mikil álags.

Í sumar voru keypt bollapör og fylgidiskar (minnir 48 stk) og 10 tertuhnífar. Einnig minni pottar og panna.

Þörf er á að lakka upp handrið á svölum á eftir hæð. Þá væri æskilegt að eitra fyrir flugum í vor og koma upp sjálfvirkum sápuskammtara fyrir uppþvottavél.

Hafa þarf í huga þegar eldhús er notað að eldhúsháfur og loftræsting eru samtengd, þannig að ef slökkt er á loftræstingu er ekki hægt að hafa háfinn í gangi. Þetta er ekki gott fyrirkomulag og ástæða til að fá rafvirkja til að skoða hvort ekki sé hægt að breyta þessu.

Málningarskemmdir eru nokkrar á útveggjum Végarðs, sérstaklega eldri hluta hússins, þörf er á að mála húsið áður en frekari skemmdir verða. Þarfagreiningu þarf að gera varðandi hvort þörf er á múrun samhliða málun.

Á árinu 2016 voru um 11 viðburðir í húsinu utan þess sem telst hefðbundið s.s þorablót og erfisdrykkjur.

Í lok fundar fór húsnefnd og stillti upp í sal fyrir jólavist.

Fundi slitið kl. 15.000

Gunnþórunn skrifaði fundargerð

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Gunnar Jónsson (sign)

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)